



Dalvíkurskóli

Hönnun og smíði 5. - 7. bekkur

Námsþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Menningarlæsi (Sameiginleg öðrum list- og verkgreinum. Hér tekin inn í markmiðin sem eru undir öðrum námsþáttum).	Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 142): <ul style="list-style-type: none"> Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði. Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni. Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir. Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 		
Handverk	Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156-157): <ul style="list-style-type: none"> Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Þekkir handhefilinn og kann að nota hann. Þekkir mun á járnbor og trébor. Getur mælt nákvæmlega og notað skífumál. Þekkir bitjárn og notkunarmöguleika þeirra. Hefur kynnst vinnu með plast (og leður). Getur notað handborvél, valið rétta skrufbita og fest í vélina. Geti unnið með öðrum og sýnt frumkvæði 	<ul style="list-style-type: none"> Hefur náð góðum tókum á að saga í tifsög og pússa í pússvél. Vinnur með plast. Tekur þátt í umræðu um tilurð plasts. Kynnist málmum og einföldum málmsmíðaverkefnum. Klíppt, hamrað og pússað. Mismunandi málmar kynntir og eiginleikar ræddir. Geti unnið með öðrum og sýnt frumkvæði. 	<ul style="list-style-type: none"> Kynnist notkun á rennibekk. Getur notað sporjárn og hefil. Kynnist rafmagnsstingsög. Geti unnið með öðrum og sýnt frumkvæði
Hönnun og tækni	Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156-157): <ul style="list-style-type: none"> Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu. Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum. Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum. Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu. Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir. 		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> Getur gert málsetta vinnuteikningu og skrifað niður vinnuferli í lok verkefnis. Hannar og smíðar verkefni sem nýtir orkugjafa, t.d. klukku. Hefur kynnst ólíkum yfirborðsefnum, t.d. vatnsmálningu, lakki, olíu og vatnsbæsi. 	<ul style="list-style-type: none"> Sog- eða hitaformar plast eftir eigin formhönnun. Hefur unnið með flóknari samsetningar, t.d. að skrúfa saman, líma saman skáhorn. Tekur þátt í umræðu um tækni líðandi stundar, t. d. að nýta sér framkvæmdir við húsbýggingar, kranar, vinnuvélar, rafmagn og rafmagnsleysi. 	<ul style="list-style-type: none"> Vinnur verkefni út frá málsettri teikningu. Velur samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum. Þekkir mun á þeim efnum sem notuð eru við yfirborðsmeðferð. Vinnur verkefni þar sem þarfir eru greindar og lausnir fundnar.



Umhverfi	Við lok 7. bekkjar getur nemandi (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 156-157): <ul style="list-style-type: none">• Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.• Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.		
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">• Skilur mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu.• Hefur lært að skoða utan á umbúðir og þekkja viðvörðunarkerki.• Þekkir hættur sem geta stafað af rafmagni.• Hefur endurnýjað og jafnvel gert við eldri hlut.	<ul style="list-style-type: none">• Gerir sér grein fyrir gildi góðrar meðferðar tækja og umgengni vinnusvæðis.• Hefur lært að nota heyrnahlífar, vinnuvettlinga og öryggisgleraugu þar sem við á.• Getur flokkað efnisafganga og annan úrgang sem til fellur í smíðastofunni.	<ul style="list-style-type: none">• Endurgerir hlut og finnur honum nýtt hlutverk.• Hefur tekið þátt í umræðu um vinnustellingar og rétta líkamsbeitingu.